

Ályktun stjórnar læknaáðs Landspítala.

Stjórn læknaáðs Landspítala lýsir yfir áhyggjum af þeirri stefnu spítalans sem lýtur að nýráðningu sérfræðinga í einungis 100 % starfshlutfall. Nú þegar starfar um helmingur sérfræðinga sjúkrahússins í hlutastarfi. Læknaáð bendir á að hlutastörf sérfræðinga geta nýst sjúkrahúsinu mjög vel með markvissu skipulagi og deilingu starfa. Ísland er það lítið land að Landspítalinn er í samkeppni við erlend háskólasjúkrahús um starfskrafta. Í vissum sérgreinum er nauðsynlegt að lækna geti einnig unnið erlendis til að halda við færni sinni og fylgjast með nýjungum. Landspítalinn þarf að laða að og halda í góða starfskrafta með því að gera spítalann að eftirsóknarverðum vinnustað og þannig hlúa að mannauði sínum. Dæmi eru um að sérfræðingar hafi horfið til annarra starfa eða ekki viljað ráða sig vegna þessarar stefnu spítalans. Til að tryggja sem bestu mögulegu þjónustu við sjúklinga er því mikilvægt að viss sveigjanleiki í starfshlutfalli sé áfram til staðar á spítalanum.

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa læknaáðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is